

Útgáfuupplýsingar (Release Notes) - Maintx 14.1

MaintSoft ehf | júlí 2019

Skjámyndafyrirkomulag

Búið er að breyta skjámyndafyrirkomulaginu í kerfinu til þess að koma í veg fyrir árekstra sem komið höfðu upp á milli Windows stýrikerfisins og Maintx kerfisins hjá sumum notendum.

Jafnframt var breytingin gerð til þess að auðvelda notendum að nota 2 skjái samtímis vegna vinnu við kerfið.

Breytingin gefur notendum núna mun meiri möguleika á að stilla skjámyndir eftir eigin óskum m.a. þar sem stillingar notanda haldast á milli þess sem kveikt og slökkt er á kerfinu.

Verkamynd

Búið er að gera verulegar breytingar á aðalverkamyndinni í kerfinu. Eftir breytinguna er verkum skipt í annars vegar „Endutekin verk“ og hins vegar „Einskiptis verk“. Þá er sjálfvirk vakning á verkum núna tvenns konar:

- Vakning miðað við --- frá lokun til opunar
- Vakning miðað við --- frá opnun til opunar

Einnig er búið að sameina í einn glugga (tvískiptur) annars vegar „Lýsing – hvað á að gera“ og hins vegar „Vinna – hvað var gert (ef annað en lýsing)“.

Búið er að bæta við möguleika í mánaðarleg verk að núna er unnt að setja vikudag og vikunúmer í opnunina.

Viðhaldssaga

Búið er að breyta viðhaldssögu verka þannig að þegar verk er skoðað kemur fram bæði upphafleg verklýsing og eins hvað var gert ef það var annað en skv. henni.

Þegar prentað er úr viðhaldssögunni þá er verklýsing bara prentuð einu sinni en ef um frávik var að ræða þá er það prentað líka.

Þegar verið er skoðað verk í viðhaldssögunni er búið að bæta við hnappi til þess að skrifa út viðkomandi verk.

Pantanatillögur

Núna er unnt að útbúa sjálfvirkt pantanatillögur fyrir varahluti á einfaldan og þægilegan hátt. Kerfið sækir tillögur fyrir alla varahluti þar sem pöntunarmarki er náð, sem síðan eru sendar í pöntunarhluta kerfisins þar sem þær eru pantaðar frá birgjum. Einnig er unnt að búa til handvirkt pantanatillögur ef með þarf.

Ávinningurinn er sá að dregið er úr áhættunni að varahluti vanti, auðvelt er fyrir viðhaldsmenn að gera pantanatillögur og þá sem kaupa inn varahluti að vita hver er þörfin og panta vörur frá birgjum.

Verðmætaskráning

Núna er unnt að skrá verðmæti deilda, tækja og hluta í kerfinu. Fyrirkomulagið er þannig að verðmæti hlutar uppfærist samtals í viðkomandi tæki. Verðmæti tækis safnast upp í verðmæti í deild (þó ekki uppsafnaði dálkurinn frá hlut). Verðmæti deilda safnast upp í verðmæti svæða.

Myndir og skjöl

- Búið er að sameina í einn flipa „myndir og skjöl“ , þar sem áður voru tveir.
- Búið er að uppfæra aðferð við tengja vefslóð við „myndir og skjöl“.

Varahlutir

- Búið er stilla vörulista þannig að notandinn sér einungis þær vörur í vörugeymslunni, sem hann hefur aðgang að (réttindi).
- Búið er að setja inn á skjámynd vörulista hnapp til að sjá allar vörur.
- Búið er að breyta vörulista þannig að núna sýnir hann notkun síðasta árs og notkun síðustu tveggja mánaða.